

## Fréttatilkynning

### Lúpínuseyði innkallað úr verslunum

Við eftirlit Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þann 8. apríl kom í ljós að Lúpínuseyði undir vörumerki

Svarta Hauks var í framleiðslu við ófullnægjandi aðstæður og án tilskilinna leyfa framleiðanda.

Lúpínuseyði hefur verið framleitt fyrir Svarta Hauk af viðkomandi framleiðsluaðila í langan tíma án þess að

nokkuð hafi komið uppá. Við stóðum því í þeirri meiningu að þeir hlutir, sem snúa að aðstæðum

og leyfisveitingum framleiðanda væru í lagi. Við hörmum að svo hafi ekki verið og höfum nú fundið

okkur annan framleiðsluaðila með tilskilinn leyfi. Þær vörur sem nú eru í verslunum, verða innkallaðar,

en við vonumst til að koma nýjum vörum í verslanir um miðja næstu viku. Þeir sem eiga vöruna heima hjá sér geta skilað henni til

þeirrar verslunar þar sem hún var keypt í.

Það skal tekið fram að engar prófanir voru gerðar á vörunni.

Fyrir hönd Svarta Hauks, rekstraraðila lúpínuseyðisins,  
Haukur Magnússon frkvstj.

Kveðja, Haukur

Haukur Magnússon, frkvstj.

Cand oceaon, MBA

gsm 8200864

Ávaxtabíllinn og Svarti Haukur Ármúla 20 108 Reykjavík

